

L Ö G

um Búreikningastofu landbúnaðarins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Stofna skal og starfrækja búreikningastofu undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands. Skal það fela ákveðnum manni stjórn hennar og leggja honum til aðstoð og starfsfé, svo sem nauðsyn ber til.

2. gr.

Kostnaður við Búreikningastofu landbúnaðarins greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga hverju sinni.

3. gr.

Hlutverk Búreikningastofu landbúnaðarins er:

1. Að leiðbeina bændum með færslu búreikninga og stuðla að því, eftir því sem við verður komið, að bændur færi sem gleggsta reikninga um búrekstur sinn.
2. Að safna búreikningum víðs vegar af landinu, bæði frá einstökum bændum og félagsbúum, með það fyrir augum að fá sem réttasta mynd af búrekstri bænda í heild og jafnframt af einstökum greinum landbúnaðarins.
3. Að gera upp búreikninga, er stofnuninni berast og færðir eru í samræmi við þær reglur, sem hún setur, hlutaðeigendum að kostnaðarlausu, og vinna úr þeim tölulegar upplýsingar um allar greinar landbúnaðarins, eftir því sem efni standa til. Senda skal viðkomandi bónda búreikning hans, uppgerðan, í samráði við búnaðarhagfræðiráðunaut, eins fljótt og við verður komið, og auk þess birta yfirlitsskýrslu um niðurstöður búreikninganna fyrir hvert ár fyrir sig.
4. Að gefa út aðgengileg eyðublöð fyrir búreikninga með glöggum skýringum.
5. Að gangast fyrir búreikninganámskeiðum til leiðbeiningar bændum, er búreikninga vilja halda.
6. Að vinna að því með útgáfustarfsemi, námskeiðum og á annan hátt, í samráði við búnaðarhagfræðiráðunauta Búnaðarfélagsins og aðra starfsmenn þess, að útbreiða meðal bænda hagnýta þekkingu á niðurstöðum búreikningastarfseminnar.
7. Að vera ríkisstjórn og þeim aðilum, er hverju sinni fara með verðlags- og framleiðslumál landbúnaðarins, til aðstoðar við útreikninga eða gagnasöfnun, að því leyti sem slíkt fellur innan starfssviðs stofnunarinnar, eins og það er ákveðið með lögum þessum.

4. gr.

Forstöðumanni búreikningastofunnar og öðrum starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að sökum starfs síns um efnahag eða tekjur einstakra manna eða stofnana.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 12 1. febr. 1936, um búreikningaskrifstofu ríkisins.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

B R É F

handhafa valds forseta Íslands um þingrof, almennar kosningar
til Alþingis og þinglausnir.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,
gjöra kunnugt:

Þar eð Alþingi, er nú situr, 87. löggjafarþing, hefur samþykkt frumvarp til stjórnskipunarlaganna um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33, 17. júní 1944, þar samkvæmt 79. gr. stjórnarskrárinnar að rjúfa Alþingi nú þegar og stofna til almennra kosninga að nýju.

Samkvæmt þessu er Alþingi hér með rofið frá og með 11. júní 1967. Jafnframt er ákveðið, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram nefndan dag, sunnudaginn 11. júní 1967.

Alþingi, er nú situr, mun væntanlega ljúka störfum 19. þ. m. Veitum vér hér með forseta Hæstaréttar, Gizuri Bergsteinssyni, umboð til þess í voru nafni að slíta Alþingi, 87. löggjafarþingi, er það hefur lokið störfum.

Gjört í Reykjavík, 19. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.